

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Samfélagsfræði 7. bekkur

Áfangalýsing				
Samfélagsfræðin á að efla hæfni nemenda í að skilja veruleikann sem hann hefur fæðst inn í, með því að víkka út og dýpka reynsluheim þeirra. Markmiðið er að nemendur geti skilið hugmyndir og hugsjónir sem liggja til grundvallar á viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Samfélagsfræðin er kennd í lotum, hvert viðfangsefni er til umfjöllunar í 6-12 vikur eftir eðli verkefna og umfangi.				
Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Kennsluhættir/leiðir	
september-október	Læra um mikilvæga þætti í menningu Íslendinga eftir siðaskiptin s.s. aukna áherslu á læsi, vísindi og fræði. - geti metið heimildir, rætt um sögutímabil, atburði og persónur. -þekki mikilvæga áhrifaþætti í þróun samfélagsins á Íslandi. - geti tengt nágrannasamfélagið við heildina. - átti sig á siðaskiptum á Íslandi og þróun trúarhugmynda landsmanna á nýöld. -þekki sögu einokunarverslunar á Íslandi.	Sögueyjan 2 – 1.– 4. kafli	Hlustað og lesið saman úr kennslubók. Gagnvirkur lestur. Hópvinna, paravinna og samvinnunám	
nóvember-desember	-geri sér grein fyrir tengslum samfélags, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú. -geri sér grein fyrir að trúarbrögð mannkyns eru margs konar. -geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og trúarskoðanir, virt frelsi til trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta annarra án fordóma. -geti rætt viðfangsefni, lífsviðhorf og siðferði í tengslum við daglegt líf. -þekki hlutverk nokkurra samfélagsstofnana og í hverju velferð og samfélagshjálpi er fólgin.	<i>Kristin fræði- Ljós heimsins,</i> <i>Kristin trú-fagnaðarerindið,</i> <i>Trúarbrögðin okkar,</i> <i>Islam – að lúta vilja Guðs</i> Þátttaka í verkefninu „Jól í skókassa“ á vegum KFUM og K.	Valin verkefni úr vinnubók. Pals lestur, gagnvirkur lestur, hópvinna Samræður – rökræður í tímum. Fræðslumyndir. Þátttaka í verkefninu „Jól í skókassa“ á vegum Rauða krossins. Hópvinna, paravinna,	

febrúar- apríl	Nemendur læra um landshætti og náttúrufar í Evrópu. -þekki ólíkar tegundir loftslags og gróðuráhrifa. -geri sér grein fyrir nýtingu og vernd umhverfisins og hvernig hann sem einstaklingur geti lagt sitt að mörkum. -geti notað kort og gröf af landi til upplýsingaöflunar. -þekki orsakir og afleiðingar af gerðum sínum og annarra og þekki leiðir til úrbóta. -sýni fram á skilning á mikilvægum gildum og geti hagað sér samkvæmt þeim. -hafi skilning á margbreytileika fjölskyldna og hlutverkum innan þeirra.	Landafræði Evrópa – Lesbók og vinnubók	Valin verkefni úr vinnubók með Evrópu. Pals lestur, gagnvirkur lestur, hópvinna, kortavinna, Samræður – rökræður í tímum. Heimildavinna og kynningar. Fræðslumyndir.	
----------------	---	---	---	--

Námsmat
Símat. Virkni, vinnusemi, hópavinna og áhugi metinn. Próf, heimapróf, „svindlpróf“.

Kennari, netfang
Helga Lyngdal helgal@akmennt.is og Sigríður Emilía Bjarnadóttir smilla@akmennt.is